

Ár 1973, mánudaginn 10. desember, var í málinu nr. 6/1973
kveðinn upp af Yfirfasteignamatarnefnd avöhljóðandi

Ú R S K U R ð U R :

Málavertir eru þeir, að í aðalmati fasteigna var Húnavalla-
skóli í Torfalækjarhreppi metinn á 1.365 þús. krónur, þar af var
land metið á 50 þús. krónur, hlunnindi á 2 þús. krónur og mann-
virki á 1.313 þús. krónur.

Millimatsmenn í Torfalækjarhreppi hafa endurmetið ofangreinda
eign, og er matsgerð þeirra dagsett 11. janúar 1973. Heildarniður-
staða matsins er 32 milj. 624 þús. krónur, og hafa millimatsmenn
sundurliðað þess þannig:

| | |
|------------------------------|-----------------|
| Lóð með tilheyrandi | Kr. 1.900.000,- |
| Skólahúsnæði | " 26.177.000,- |
| Ibúðir I, II og III | " 3.186.000,- |
| Kjallarnæði | " 961.000,- |
| Sundlaug úr timbri og plasti | " 400.000,- |

Byggingar- og skólanefnd Húnavallaskóla hefur kært freman-
greint endurmat til Yfirfasteignamatarnefndar með bréfi, dags.
26. janúar 1973. Er þar á því byggð, að matið sé alltof hátt.

Eftir öllum atvikum telur Yfirfasteignamatarnefnd hæfilegt,
að matsverð unæddrar fasteignar sé að svo stöddu ákveðið þetta:

| | |
|-----------|------------------|
| Land | Kr. 500.000,- |
| Hlunnindi | " 590.000,- |
| Hús | " 21.200.000,- |
| Samtals: | Kr. 22.290.000,- |

Ú R S K U R ð A R O R ð :

Matsverð ofangreindrar fasteignar ákveðst að svo stöddu
þannig: Land kr. 500.000,-, hlunnindi kr. 590.000,-, hús kr.
21.200.000,-, samtals kr. 22.290.000,-.

Gaukur Jörundsson

Magnús Thoróddson

Torfi Asgeirsson